

Viðauki við grunnlýsingu dagsetta 5. janúar 2018 vegna 50.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa

Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Grunnlýsing dagsett 5. janúar 2018 útgefin af Félagsbústöðum hf. (hér eftir nefnd „grunnlýsingin“ og „Félagsbústaðir“ eða „félagið“), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

Vanefndir og dráttarvextir

1) Fremst í grein 5.1.e í kafla 3 *Mögulegir skilmálar skuldabréfanna* bætist eftirfarandi texti:

Útgefanda ber að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. skuldabréfunum, frá gjalddaga til greiðsludags. Dráttarvextir skulu reiknaðir í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól gjaldfallinnar skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir fyrsta ógreidda gjalddaga.

Hafi greiðsla vaxta, verðbóta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi 37 dögum eftir gjalddaga eða ef útgefandi uppfyllir ekki lánaþekju skv. grein 5.1.b, þá er um vanefndartilvik að ræða sem heimilar eigendum skuldabréfanna að gjaldfella alla eftirstandandi skuld að því gefnu að farið sé eftir ákvæðum þessarar greinar um gjaldfellingu og fullnustu veða.

2) Fremst í grein 12 í kafla 3 *Mögulegir skilmálar skuldabréfanna* bætist eftirfarandi texti:

Útgefanda ber að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. skuldabréfunum, frá gjalddaga til greiðsludags. Dráttarvextir skulu reiknaðir í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól gjaldfallinnar skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir fyrsta ógreidda gjalddaga.

Áhættunefnd

Í stað texta um áhættunefnd í kafla 5.6 *Stjórnarhættir, stjórn, stjórnendur og endurskoðendur*, undirkafla *Innra eftirlit og áhættustýring*, sem hljóðar „Framkvæmdastjóri skipar áhættunefnd. Í henni sitja framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og aðili tilnefndur af fjármálasviði Reykjavíkurborgar.“ kemur eftirfarandi texti:

Áhættunefnd er skipuð þremur einstaklingum. Jafnan skal miðað við að einn stjórnarmanna eða utanaðkomandi ráðgjafi tilnefndur af stjórn sem er óháður starfsemi félagsins, sitji í nefndinni og gegni formennsku. Í nefndinni sitja enn fremur fjármálastjóri og einn fulltrúi tilnefndur af fjármálastjóra Reykjavíkurborgar.

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Framkvæmdastjóri Félagsbústaða hf., kennitala 510497-2799, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, lýsir því yfir fyrir hönd Félagsbústaða hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 16. janúar 2018

Fyrir hönd Félagsbústaða hf.

Auðun Freyr Ingvarsson

framkvæmdastjóri

Umsjónaraðili með gerð viðauka við grunnlýsingu